



PDF-sérprent

Haukur Þorgeirsson:
Tvær goðafræðilegar nafnagátur

SÓN

TÍMARIT UM
ÓÐFRÆÐI

12 2014

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

12. HEFTI

RITSTJÓRAR

ANNA ÞORBJÖRG INGÓLFSDÓTTIR

HAUKUR ÞORGEIRSSON

ÓÐFRÆÐIFÉLAGIÐ BOÐN

REYKJAVÍK

2014

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

bragi.info/son

ÚTGEFANDI

Óðfræðifélagið Boðn

RITSTJÓRAR

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir

Sími: 660 5907. Netfang: annaing@hi.is

Haukur Þorgeirsson

Sími: 849 9381. Netfang: haukurth@hi.is

RITNEFND

*Bjarki Karlsson, Bjarni Stefán Konráðsson, Kristján Árnason,
Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Rósa Þorsteinsdóttir*

MYND Á KÁPU

Matthildur Margrét Árnadóttir

UMBROT

Bjarki Karlsson

LETUR

Junicode eftir Peter Baker

PRENTUN

Litlaprent

ISSN 1670-3723

Haukur Þorgeirsson

Tvær goðafræðilegar nafnagátur

Frá tímabilinu 1350–1550 er mikill íslenskur kveðskapur varðveittur, mest rímur og helgikvæði en einnig t.d. ástarkvæði og ýmiss konar þjóðkvæði. Aðeins örlítill hluti af þessum kveðskap er eignaður nokkrum höfundum og virðast þeirrar tíðar menn lítt hafa hirt um að halda nöfnum skáldanna á lofti. Þetta breyttist á 16. öld og eftir siðaskipti vitum við venjulega deili á þeim sem ortu.

Ein aðferð sem skáld getur notað til að forða nafni sínu frá glötun er að flétta það inn í sjálfan texta kvæðisins, gjarnan í gátuformi. Frá því um 1500 þekkjast rímur þar sem skáldin hafa komið nafni sínu að með þessum hætti og á 17. öld færast þessi siður í vöxt. Einnig þekkest að skáldið bindi nöfn vina sinna eða ættingja. Hér verður litið á tvö dæmi um nafnagátur sem vísa til Snorra-Eddu. Báðar gáturnar sýna að það getur þurft að gæta að því hvaða útgáfu af Eddu hvert skáld hefur haft fyrir sér.

Hallgrímur í dagrenningu

Hallgrímur Pétursson orti margt og þar á meðal þrjá rímnaflökka. Einn er RÍMUR AF FLÓRES OG LEÓ sem Bjarni Borgfirðingaskáld orti fyrri hlutann af en Hallgrímur síðari hlutann. Við lok rímnanna er þessi strembna gáta:

Einfalt heitið oftast mér
almenn ræða myndar:
Njóla vikur, en nálgast fer
niðjinn elju Rindar.¹

¹ Rímur af Flóres og Leó XXIV.57, Finnur Sigmundsson 1956a:334.

Hér býr greinilega Eddulærdómur að baki. Í ALVISSMÁLUM eru nefnd heiti næturinnar og sú vísa er tekin upp í Snorra-Eddu:

Nótt heitir með mönnum
en njóla með goðum,
kalla grímu ginnregin.²

Af Snorra-Eddu er einnig hægt að læra að „eljur heita þær konur er einn mann hafa“.³ Elja Rindar er þá kona sem á mann sameiginlegan með Rindi. Um Rindi er það eitt sagt í íslenskum heimildum að Óðinn beitti hana fjölkynngi og átti með henni soninn Vála. En frá Danmörku er varðveitt löng og ruglingsleg saga um Óðin og Rindi. Í Danasögu Saxa málsþaka segir að Óðinn hafi brugðið sér í líki konu og gerst lækni og þjónustumær Rindar. Með vélum kom hann því til leiðar að Rindur var bundin niður og gat hann þá komið fram vilja sínum við hana.⁴

Óðinn átti einnig börn með Frigg og með Jörð. Elja Rindar er þá önnur þeirra. En við hvora er átt og við hvaða son? Á þessu vandamáli kom Sveinbjörn Beinteinsson með þá lausn sem ég tel besta.⁵ Hann benti á tvær aðrar vísur eftir Hallgrím þar sem kenningar með sömu merkingu koma fyrir, báðar eru í RÍMUM AF LYKLA-PÉTRI OG MAGE-LÓNU. Fyrst er vísa úr sjöttu rímu:

Næsta líður Njörva jóð,
nistils Þundar birtust ráð,
Sæll og fríður so upp stóð
sonur brúðar Hárs á láð.⁶

Dóttir Njörva er nóttin og hér hlýtur sonur brúðar Hárs (Óðins) að vera dagurinn. Á samsvarandi stað í dönsku bókinni sem rímurnar munu runnar frá stendur enda: „Der det nu bleff dag“.⁷

2 Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason 2014:442; Finnur Jónsson 1931:179; Faulkes 1979:382. Vísan er á ýmsa vegu í handritunum. Þess ber að geta að Hallgrímur kann að hafa lesið Konungsbók Eddukvæða (Stefán Karlsson 1986).

3 Faulkes 1979:375. Ég vísa hér í Laufás-Eddu, sem var algengasta Eddugerðin á 17. öld.

4 Davidson og Fisher 1998:76–78.

5 Sveinbjörn Beinteinsson 1987. Aðrir staðir sem ég þekki þar sem fjallað hefur verið um vísuna eru eftirfarandi: Magnús Jónsson 1947:165; Finnur Sigmundsson 1956a:373; Margrét Eggertsdóttir 2005:190–191, 2014:226–227.

6 Rímur af Lykla Pétri og Magelónu VI.52, Finnur Sigmundsson 1956b:202.

7 Paulli 1918:91.

Svo er vísa úr níundu rímu:

Hvarf þá svefna værðar von
vöskum sveigir branda,
áður en kvonar Sviðrix son
sáu þjóðir landa.⁸

Hér vaknar Lykla-Pétur áður en dagurinn, sonur konu Sviðrix (Óðins), kemur í ljós. Í dönsku sögunni stendur: „da vaagnede hand op och saa, at det vaar nat“.⁹

Hér eru þá tvö dæmi fundin um að „sonur konu Óðins“ sé dagurinn. Lítum þá aftur á nafnagátuna:

Njóla vikur, en nálgast fer
niðjinn elju Rindar.

Þessi vísuorð merkja: *Nóttin vikur en dagurinn nálgast*. Það sem hér hefur vakað fyrir Hallgrími er að ‘gríma’ er eitt af heitum næturinnar. Hugsunin er eftirfarandi:

» nóttin vikur = nóttu hallar = grímu hallar = Hallgrímur

Nafnið Hallgrímur hefur nokkuð stórkarlalegan blæ en skáldið hefur hér gert úr því hugljúfa mynd af dagrenningu.

Eitt olli Sveinbirni Beinteinssyni erfiðleikum í þessari skýringu en það er að í Snorra-Eddu, eins og hún er venjulega prentuð, er Dagur sonur Nætur en ekki Friggjar eða Jarðar. Sveinbjörn gat þess til að Hallgrímur hafi haft einhverja aðra útgáfu af Eddu. Þetta er ugglaust rétt. Ég hef áður fjallað um að Dagur er sagður sonur Jarðar í Uppsala-Eddu og í Laufás-Eddu.¹⁰ Hallgrímur hefur sjálfsagt haft fyrir sér Laufás-Eddu í einhverri mynd.

Dróma tugga

EKTORS RÍMUR eru varðveittar í þremur skinnbókum, elst er talin Kolls-bók frá lokum 15. aldar. Rímurnar hafa aldrei verið gefnar út. Í mansöng sjöttu rímu kemur fram að skáldið og kona hans hafi eignast dóttur og eitthvað virðist barnið tefta fyrir vísnagerðinni:

⁸ Rímur af Lykla Pétri og Magelónu IX.6, Finnur Sigmundsson 1956b:228.

⁹ Paulli 1918:113.

¹⁰ Haukur Þorgeirsson 2008.

Því er eg latr á ljóða gjörð þó lýðrinn beiði,
 auðþöll gaf mér eina heiði,
 enginn er það mærdar greiði.

Drengnum leist í drósar nafni Dróma tugga,
 legg eg þar til lítinn skugga,
 Lóðurs vín skal þannveg brugga.¹¹

Hvað hét stúlkan? Orðin „auðþöll gaf mér eina heiði“ liggur beinast við að skilja þannig að nafnið hafi endað á –heiður. Þar sem skáldið talar um „lítinn skugga“ er sennilega vísað til sama nafnhluta og átt við lýsingarorðið ‘heiður’. Þá hlýtur „Dróma tugga“ að merkja fyrri lið nafnsins. Hér er greinilega goðafræðileg vísun en Drómi var einn af fjötrunum sem lagðir voru á Fenri. Hinir nefndust Læðingur og Gleipnir.

Þegar Magnús Ólafsson samdi Laufás-Eddu í upphafi 17. aldar hafði hann mest fyrir sér Wormsbók Snorra-Eddu. Sú bók var þá fyllri en hún er nú og sumt af því sem stóð á glötuðu blöðunum er aðeins varðveitt í Laufás-Eddu. Þar á meðal er vísun í kvæði þar sem Fenrisúlfr er kallaður Gleipnis tugga.¹² Dróma tugga hlýtur að vera það sama og Gleipnis tugga og hefur þá stúlkan heitið Úlfheiður.

Sá sem orti þennan hluta EKTORS RÍMNA hefur að öllum líkindum þekkt Eddutextann þar sem Gleipnis tugga kemur fyrir. Ef til vill hefur hann haft sjálfa Wormsbók í höndunum. Það væri ekki fráleitt að kanna skáldamál EKTORS RÍMNA rækilega og sjá hvort eitthvað fleira bendir til texta Wormsbókar.

HEIMILDIR

- Davidson, Hilda Ellis (ritstj.) og Peter Fisher (þýð.). 1998. *Saxo Grammaticus. The History of the Danes*. Brewer, Cambridge.
- Faulkes, Anthony (útg.). 1979. *Two Versions of Snorra-Edda from the 17th Century I. Edda Magnúsar Ólafssonar*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Finnur Jónsson (útg.). 1931. *Edda Snorra Sturlusonar udgivet efter håndskrifterne*. Gyldendal, København.

¹¹ Ólafur Halldórsson 1968:72r.

¹² Faulkes 1979:375.

- Finnur Sigmundsson (útg.). 1956a. *Rímur af Flóres og Leó eftir Bjarna Jónsson Borgfirðingaskáld og síra Hallgrím Pétursson*. Rit Rímnafélagsins VI. Rímnafélagið, Reykjavík.
- Finnur Sigmundsson (útg.). 1956b. *Króka-Refs rímur og Rímur af Lykla-Péttri og Magelónu*. Rit Rímnafélagsins VII. Rímnafélagið, Reykjavík.
- Haukur Þorgeirsson. 2008. „Hinn fagri foldar son“. Þáttur úr handrita- og viðtökusögu Snorra-Eddu. *Gripla XIX*:159–168.
- Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason. 2014. *Eddukvæði I. Godakvæði*. Íslenzk fornrit. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.
- Magnús Jónsson. 1947. *Hallgrímur Pétursson. Æfi hans og starf* I–II. Leiftur, Reykjavík.
- Margrét Eggertsdóttir. 2005. *Barokkmeistarinn. List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Margrét Eggertsdóttir. 2014. *Icelandic Baroque. Poetic Art and Erudition in the Works of Hallgrímur Pétursson*. *Islandica LVI*. Cornell University Library, Ithaca, New York.
- Ólafur Halldórsson. 1968. *Kollsbók. Codex Guelferbytanus 42. 7. Augusteus quarto*. Íslenzk handrit. Icelandic Manuscripts. Series in Quarto V. Handritastofnun Íslands, Reykjavík.
- Paulli, Richard (útg.). 1918. *Den skønne Magelona. Melusina*. Danske Folkebøger fra 16. og 17. Århundrede VII. Gyldendal, København.
- Stefán Karlsson. 1986. Orðsnillín og skriftin. *Equus Troianus sive Trójubestur tygjaður Jonnu Louis-Jensen 21. október 1986*, 70–73. Reykjavík.
- Sveinbjörn Beinteinsson. 1987. Nafnagáta Hallgríms í Rímum af Flóres og Leó. *Lesbók Morgunblaðsins* 17. janúar 1987, 11.